



SÝSLUMAÐURINN  
Á HÖFN

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/2127  
komudagur 19.5.2006

---

Alþingi  
B/t nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Rvík.

Höfn 17. maí 2006.

Meðfylgjandi sendist umsögn undirritaðs umfrumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa. 666. mál, miðlægur þinglýsingargagnagrunnur.

*Páll Björnsson*

Nefndasvið Alþingis  
samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Rvík.

Höfn 17. maí 2006.

Umsögn sýslumannsins á Höfn um frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39/1978 með síðari breytingum.

Embættinu hefur borist erindi samgöngunefndar með bréfi dags. 5. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál, miðlægur þinglýsingargagnagrunnur.

Undirritaður sér ekki úr hvaða vanda er verið að leysa með því að færa þinglýsingar skipa til sýslumannsins á Ísafirði eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins og sömu skoðun hefur undirritaður á þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í 18. gr. að beiðnum um nauðungarsölu skipa skuli beina til sýslumannsins á Ísafirði. Hins vegar má vera að staðfestingar eignarheimilda á skipum séu vel settar hjá sýslumanninum á Ísafirði, þó þeim sé þinglýst í hverju umdæmi fyrir sig eins og gert hefur verið til þessa.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að einungis á fjórum sýslumannsembættum sé þinglýsingarþóknun tölvufærð. Embættið hér á Höfn er eitt af þessum fjórum embættum og hafa allar þinglýsingar skipa hér í umdæminu verið færðar í tölvu frá haustinu 1989 eða í tæp 17 ár. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hjá SKÝRR hefur um langan tíma verið vistað tölvukerfi fyrir þinglýsingar skipa, bifreiða og lausafjár. Dómsmálaráðuneytið hafði frumkvæði að því að gera þetta þinglýsingakerfi. Þetta kerfi var tilbúið til notkunar hjá öllum sýslumannsembættum landsins til þinglýsingar á fasteignum, skipum, bifreiðum og lausafé nokkru fyrir árið 1990.

Skemmst er frá því að segja að frá því að embættið hóf að þinglýsa skjölum varðandi skip í tölvunni þá hafa þær þinglýsingar gengið með miklum ágætum og hefur nú verið þinglýst 2804 skjölum varðandi skip.

Dómsmálaráðuneytið breytti stefnu sinni varðandi þinglýsingar rétt um það leyti sem embættið hóf að þinglýsa skipaskjölum í tölvukerfinu og komst dómsmálaráðuneytið að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti nýtt tölvukerfi alveg frá grunni og var þá ráðist í að gera það tölvukerfi sem nú er notað hjá Landskrá fasteigna. Ekki hefur enn verið hægt að þinglýsa skipaskjölum í Landskrá fasteigna, en samkvæmt upplýsingum sem. Undirritaður hefur hins vegar aldrei botnað í því hvers vegna dómsmálaráðuneytið stöðvaði á sínum tíma að öll embætti landsins færðu skjöl skipa inn í þinglýsingarkerfið og þinglýstu síðan skipaskjölum í tölvukerfinu. Hins vegar var kerfið áfram notað til þinglýsinga á skjölum varðandi bifreiðir og lausafé.

Ekki er annað að sjá en að embættin þurfi áfram að nota þinglýsingarkerfi SKÝRR þó svo að þau hætti að þinglýsa skjölum vegna skipa sem eru 5 brúttótonn eða stærri, þ.e.a.s. þinglýsingar skipa undir 5 brúttótonnum verða þá væntanlega áfram til þinglýsingar hjá embættunum, svo og þinglýsingar skjala vegna bifreiða og þinglýsingar lausafjár.

Undirritaður hefur fengið það óformlega staðfest að gert sé ráð fyrir að bæta við þinglýsingum skipa í því þinglýsingarkerfi sem Landsskrá fasteigna hefur gert og tengt öllum sýslumannsembættum landsins. Mun vinna við þetta mjög langt komin hjá Landsskrá fasteigna og mun þetta kerfi nánast tilbúið. Þar er gert ráð fyrir því að hægt sé að skanna öll skjöl sem berast til þinglýsingar, en það þýðir að ef skip er selt úr einu umdæmi í annað er ekki lengur þörf á því að senda eldri þinglýst skjöl milli umdæma eins og nú er gert því með hinni nýju tækni má skoða þau skjöl sem þinglýst hefur verið hjá öðrum sýslumannsembættum. Þetta mælir auðviðað gegn því að færa allar þinglýsingar skipa til Ísafjarðar.

Í 2. tl. í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að verði frumvarpið að lögum muni framkvæmd þinglýsinga verða einfölduð og sköpuð skilyrði til samræmingar og sérþekkingar á þinglýsingum vegna skipa.

Undirritaður sér ekki að framkvæmd þinglýsinga veði einfölduð og vafasamt sé að ræða um sérþekkingu á þinglýsingum vegna skipa, en auðvitað gilda um þinglýsingar skipa sömu reglur og um aðrar þinglýsingar.

Í 2. tl. í athugasemdum með frumvarpinu er líka sagt að ekki verði lengur nauðsynlegt að senda frumrit skipsskjala milli sýslumannsembætta þegar skip eru seld á milli skráningarumdæma. Undirritaður telur að hagræðið af þessu komi fyrir lítið þegar í staðinn kemur að senda þarf hvert einasta skjal í frumriti til Ísafjarðar, en með hinni nýju tækni sem að framan er lýst þarf hins vegar ekki lengur að senda skjöl á milli sýslumannsembærra við flutning skipa.

Þær tafir sem óneitanlega verða nú á þinglýsingum vegna sendingar skjala milli umdæma stafa að verulegu leyti af því að flest embætti eru ekki með skipaskjölin í tölvu af þeim ástæðum sem að framan greinir, en ef öll embætti hefðu þinglýsingar skipa í tölvukerfinu þá myndu tafir verða óverulegar og líkt því sem er með bifreiðir.

Undirritaður telur að ef frumvarpið verði samþykkt þá verði tafsamara að þinglýsa þeim skjölum þar sem þinglýsingin tekur bæði til skips og annarrar eignar t.d. fasteignar. Þá þarf að þinglýsa skjalinu bæði á Ísafirði og í því sýslumannsumdæmi sem fasteignin er í – krossveð.

Undirritaður telur að verði frumvarpið að lögum verði þjónusta við þinglýsingar skipa verri en nú er.

Hvað varðar breytingar á nauðungarsölu skipa sem gert er ráð fyrir í 18. gr. frumvarpsins þá sér undirritaður enga bót að því að flytja þær til Ísafjarðar, en sér þó ekki jafn mikla afturför í því eins og breytingarnar á þinglýsingum skipa munu verða. Þó er má gera ráð fyrir því að margir aðilar uppboða þyki það afturför að verða að ferðast um langan veg til Ísafjarðar til þess að gæta hagsmuna sinna við uppboð í stað þess að gera það í sinni heimabyggð eins og nú er.

*Páll Björnsson*

Páll Björnsson sýslumaður

